



**Kveðja  
frá  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessyni**

Við Íslendingar eigum margt frábært tónlistarfólk. Sinfóníuhljómsveit Íslands er flaggskip okkar á sviði klassískrar tónlistar. Aðrir hafa látið að sér kveða á öðrum sviðum. Á alþjóðavettvangi er Björk eflaust þekktust, bæði fyrir söng sinn og seiðandi tónsmíðar.

Samt verður að viðurkennast að í aldanna rás hafa Íslendingar ekki markað djúp spor í tónlistarsögu mannkyns. Við játum líka fúslega, stolt og glöð, að framfarir og þróun á sviði tónlistar eigum við að þakka samvinnu og samstarfi við velunnara að utan. Á engan mun hallað þó að Vladimir Ashkenazy sé talinn fremstur í þeirri öfluggu sveit, heimskunnur fyrir listfengi sitt, metnað og vandvirkni. Frá síðari hluta nýliðinnar aldar hefur hann tekið ríkan þátt í íslensku listalífi, bjó um árabíl með Þórunni konu sinni og fjölskyldu þeirra á Íslandi og átti drjúgan þátt í að efla og styrkja klassíska tónlist í landinu. Fyrst lék Ashkenazy einleik á píanó með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 1964. Nokkrum árum síðar tók hann sér tónspröta í hönd og steig sín fyrstu skref sem hljómsveitarstjóri með Sinfóníunni. Leiðir hans og hljómsveitarinnar hafa því lengi legið saman.

Þegar Sinfóníuhljómsveitin var stofnuð árið 1950 var ekki sjálfgefið að fámennt smáríki gæti átt hljómsveit af því tagi. Og hún varð að standa undir nafni vegna þess að næði hún því ekki væri betur heima setið en af stað farið. Sinfóníuhljómsveitin yrði að geta glatt okkur og gesti okkar hér heima á Íslandi en hún yrði líka að bera hróður þjóðarinnar víða.

Þetta hefur hljómsveitin gert. Hún hefur vaxið og dafnað og er nú komin í úrvalsflokk á heimsvísu. Á þessum tónleikum stígur píanistinn Nobuyuki Tsujii á svið með hljómsveitinni. Nobu er stórstjarna í heimalandi sínu Japan og þekktur fyrir snilli sína um víða veröld. Hér verða því enn á ný slegnir hinir þýðu tónar alþjóðlegrar samvinnu. Og síðan munu þeir einnig hljóma fjarri Íslands ströndum. Núna heyrir upptaktur, senn heldur Sinfóníuhljómsveitin í langferð austur til Japans. Ég á mér þá von og trú að hún muni gleðja tónleikagesti og efla áhuga Japana á Íslendingum, Íslandi, og tónlistarmenningu okkar.

Njótið stundarinnar!